

ENDANLEGIR SKILMÁLAR

[12. október 2023]

Lánaþjóður sveitarfélaga ohf.

Auðkenni (LEI): 2138002IF266ITSZ8939

Útgáfa á ISK [755.000.000] í skuldabréfaflokknum LSS040440 GB

Þessir endanlegu skilmálar þeir sem hér eru notaðir skulu skoðast og skilgreindir sem slíkir að því er varðar skilyrði sem sett eru fram í grunnlýsingu útgefanda, dagsettri 29. september 2023, skv. 6., 14. og 28. viðauka framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/980 um sniðmát, efni, athugun og staðfestingu lýsinga sem birta skal þegar verðbréf eru boðin í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði og um niðurfellingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 809/2004. Í skjali þessu er að finna endanlega skilmála fyrir skuldabréfin sem hér er lýst í samræmi við 8. gr. reglugerðar (ESB) 2017/1129 um lýsingu sem birta skal þegar verðbréf eru boðin í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði og um niðurfellingu á tilskipun 2003/71/EB, sbr. lög nr. 14/2020 um lýsingu verðbréfa sem boðin eru í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði, og þá verður að túlka í samræmi við grunnlýsingu útgefanda sem og í samræmi við gildandi lög og reglur. Útboð á skuldabréfunum fer einungis fram á Íslandi og hafa tilkynningar sem varða skuldabréfin einungis verið birtar á Íslandi.

Ítarlegar upplýsingar um útgefanda og útgáfuna er einungis að finna í samsetningu af grunnlýsingu dagsettri 29. september 2023. Grunnlýsinguna og alla mögulega viðauka hennar er að finna á vefsíðu Lánaþjóðsins <https://www.lanasjodur.is/fjarfestar>. Eingöngu er hægt að fá allar nauðsynlegar upplýsingar um útgefanda og skuldabréfin með því að lesa saman, mögulega viðauka við hana og þessa endanlegu skilmála. Samantekt í tengslum við útgáfu skuldabréfanna er að finna í hluta II af endanlegum skilmálum þessum.

Greinar eru tölusettar í þessum endanlegu skilmálum og vísa í greinar um skilmála bréfanna í kafla 7 í grunnlýsingunni.

Hluti I: Endanlegir skilmálar

Grein 1 Nafnverðseiningar, heildarheimild, útgáfudagur og gjaldmiðill	Grein 1 gildir um skuldabréfin Númer hluta: [6] Útgáfudagur skuldabréfanna: [16. október 2023] Útgáfugjaldmiðill skuldabréfanna: ISK Nafnverð útgáfu: [755.000.000] Útgáfa eigin bréfa vegna viðskiptavaktar (nafnverð): [á ekki við] Áður útgefið skuldabréf í flokki: [6.610.000.000] Heildarheimild til útgáfu: [25.000.000.000] Nafnverðseiningar: 1 ISIN númer: IS0000031664 CFI númer: DBFUFR FISN númer: LÁNAS.SVEITARF./1.5 BD 20400404
Grein 2 Útgáfuforn og greiðslufyrirkomulag	Grein 2 gildir um skuldabréfin Verðbréfamiðstöð: Nasdaq verðbréfamiðstöð hf., kt. 510119-0370, Laugavegi 182, 105 Reykjavík
Grein 3 Endurgreiðsla höfuðstóls	Jafnar greiðslur og gildir grein 3.3 um útreikning höfuðstóls Fyrsta greiðsla afborgana: 4. apríl 2020 Heildarfjöldi afborgana: 41 Tíðni afborgana: Tvisvar á ári Lokagjalddagi: 4. apríl 2040
Grein 4 Uppgreiðsluheimild að vali útgefanda	Útgefanda er óheimilt að umframgreiða skuldabréfin á líftíma skuldabréfanna og gildir grein 4.2 um skuldabréfin
Grein 5 Vextir	Fastir ársvextir: 1,50% og gildir grein 5.1 um skuldabréfin

	Fyrsta vaxtagreiðsla: 4. apríl 2020 Fyrsti vaxtagdagur: 17. febrúar 2020 Heildarfjöldi vaxtagreiðslna: 41 Tíðni vaxtagreiðslna: Tvisvar á ári
Grein 6 Verðtrygging	Skuldabréfin eru verðtryggð og gildir grein 6.1 um þau Verðtryggingarvísitala: Vísitala neysluverðs (VNV) til verðtryggingar, dagvísitala. Grunnvísítölugildi: 471,43333 þann 17. febrúar 2020
Grein 7 Dagaregla	Dagaregla: 30E/360, unadjusted
Grein 8 Ávöxtun á söludegí og útreikningur	Ávöxtunarkrafa þann [11. október 2023] var [3,85%] og sölugengi [87,932451]. Ávöxtunarkrafa er sú ávöxtun sem þarf að nota við virðisútreikning greiðsluflæðis bréfanna svo að verðmæti greiðsluflæðisins til lokagjalddaga sé jafnt söluverðinu (ávöxtunarkrafa til lokagjalddaga).
Grein 9 Taka til viðskipta	Sótt hefur verið um að skuldbréf að fjárhæð [755.000.000] að nafnvirði verði tekin til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland hf. þann [16. október 2023].

Skuldabréf í floknum verða seld til fagfjárfesta gegn staðgreiðslu [16. október 2023]. Frekari útgáfur verða seldar fagfjárfestum gegn staðgreiðslu í lokuðum útboðum. Umsjónaraðili sölunnar er Lánasjóður sveitarfélaga.

Lánsjóðurinn greiðir þóknun til þeirra sem taka þátt í útboðum sjóðsins sem nemur [0,15%] af markaðsvirði þess sem viðkomandi kaupir í hverju útboði fyrir sig. Heildarkostnaður við útgáfuna er ISK [995.835]. Skuldabréfin verða tekin til viðskipta á Íslandi en ekki í öðrum löndum.

Verðmæti skuldabréfanna miðað við sölugengi er alls ISK [663.890.005]. Að frádreginni þóknun til þeirra sem tóku þátt í útboðinu er nettósoluandvirði útgáfunnar [662.894.170].

Ábyrgð

Útgefandi ábyrgist upplýsingar þær sem finna má í endanlegum skilmálum þessum.

Undirritað af hálfu útgefanda þann [12. október 2023]:

sem hefur til þess fullt umboð

Hluti II: Samantekt

Samantekt þessi er útbúin í samræmi við 7. gr. lýsingarreglugerðarinnar 2017/1129 og 9. gr. framseldrar reglugerðar 2019/979. Var umrædd reglugerð ESB innleidd í íslenskan rétt með lögum nr. 14/2020 um lýsingu verðbréfa sem boðin eru í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði. Samantekton inniheldur alla þá liði sem fram skulu og mega koma í samantekt samkvæmt framangreindum lagaákvæðum.

1 INNGANGUR OG VARNAÐARORÐ

Samantekt þessa skal lesa sem inngang að grunnlysingu dagsettri 17. ágúst 2022 ásamt endanlegum skilmálum dagsettum [12. október 2023], útgefnum af Lánsjóði sveitarfélaga ohf. („útgefandi“ eða „Lánsjóðurinn“), sem varða tiltekin skuldabréf útgefin af Lánsjóði sveitarfélaga. Auðkenni verðbréfanna er LSS150434 og er ISIN-númer beirra IS0000020691. Útgefandi er Lánsjóður sveitarfélaga ohf., kennitala er 580407-1100. Tölvupóstfang er lanasjodur@lanasjodur.is og símanúmer +354 515 4900. LEI auðkenni útgefanda er 2138002IF266ITSZ8939. Framangreint fer fram í samræmi við ákvæði íslenskra laga og reglugerða um verðbréfaviðskipti, sbr. lög nr. 14/2020 sem veittu ákvæðum reglugerðar (ESB) 2017/1129 lagagildi hér á landi með aðlögunum skv. 2. gr. laganna.

Ákvörðun um fjárfestingu í verðbréfum útgefanda skal ekki tekin á grundvelli þessarar samantektar einvörðungu, heldur byggja á mati fjárfestisins á lýsingunni í heild. Vakin er athygli á því að fjárfestir kann að tapa allri eða hluta af fjárfestingu sinni og vísast til kafla um áhættupætti í lýsingunni hvað þá áhættu varðar. Athygli er vakin á að ef farið er fyrir dómstóla með kröfu sem varðar upplýsingar í grunnlysingu útgefanda gæti fjárfestir sem er stefnandi þurft, samkvæmt landslögum, að bera kostnað af þýðingu lýsingarinnar áður en málareksturinn hefst. Athygli er vakin á að einkaréttarábyrgð fellur eingöngu á þá einstaklinga sem lögðu fram samantektina, þ.m.t. þýðingu hennar, og einungis ef hún er villandi, ónákvæm eða í ósamræmi við aðra hluta lýsingarinnar, eða ef hún veitir ekki, í samhengi við aðra hluta lýsingarinnar, lykilupplýsingar fyrir fjárfesta þegar þeir íhuga hvort fjárfesta skuli í slíkum verðbréfum.

Það lögbæra yfirvald sem staðfestir lýsinguna er Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands (Fjármálaeftirlitið).

2 LYKILUPPLÝSINGAR UM ÚTGEFANDANN

2.1 Hver er útgefandi verðbréfanna?

Lög- og viðskiptaheiti útgefanda er Lánsjóður sveitarfélaga ohf. Kennitala sjóðsins er 580407-1100 og LEI númer er 2138002IF266ITSZ8939. Skráningarstaður útgefanda er Reykjavík, Íslandi. Lögheimili útgefanda er að Borgartúni 30, 105 Reykjavík, Íslandi. Sími á skrifstofu félagsins er 515-4900 og almennt netfang er lanasjodur@lanasjodur.is. Slóð á vefsíðu félagsins er www.lanasjodur.is en efni vefsíðunnar er ekki hluti af grunnlysingu þessari. Lánsjóður sveitarfélaga var stofnaður með lögum árið 1966. Með lögum nr. 150/2006 var Lánsjóðurinn gerður að opinberu hlutafélagi og var stofnfundur félagsins haldinn þann 23. mars 2007. Lánsjóðurinn starfar eftir lögum nr. 2/1995 um hlutafélog og eftir lögum nr. 161/2002 um fjármálfyrirtæki.

Lánsjóðurinn er lánavfyrirtæki sem starfar eftir hlutafélagalögum og lögum um fjármálfyrirtæki og er undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins. Meginhlutverk sjóðsins er að tryggja íslenskum sveitarfélögum, stofnunum þeirra og fyrirtækjum lánsfó á hagstæðum kjörum með veitingu lána eða ábyrgða. Útlán hans takmarkast þó við verkefni sem hafa almenna efnahagslega þýðingu. Jafnframt er það markmið sjóðsins að skapa öfluga samkeppni á lánsfjármarkaði fyrir sveitarfélög og fyrirtæki þeirra og reyna þannig að hafa áhrif á kjör þau sem íslenskum sveitarfélögum bjóðast frá öðrum lánveitendum til lækkunar.

Allt hlutafé í útgefanda er eigu íslenskra sveitarfélaga enda kveða samþykktir útgefanda á um að hlutir í félagini geta eingöngu verið í eigu íslenskra sveitarfélaga og stofnana eða fyrirtækja sem eru alfarið í eigu þeirra. Einungis er einn flokkur hlutafjár útgefinn af Lánsjóðnum. Engin sérréttindi fylgja hlutum í félagini. Hluti í félagini má ekki veðsetja eða gefa. Stjórn félagsins hefur forkaupsrétt fyrir félagsins hönd að fólum hlutum og gildir sá réttur hvort sem eigendaskipti verða við sölu eða aðför. Lánsjóðurinn er opinbert hlutafélag sem er ekki beint eða óbeint í eigu eða undir yfirráðum eins aðila. Reykjavíkurborg er stærsti hluthafinn með 17,47% hlut og eini hluthafinn með virkan eignarhlut (yfir 10%) samkvæmt 40. gr. laga um fjármálfyrirtæki nr. 161/2002.

Framkvæmdastjóri Lánsjóðsins er Óttar Guðjónsson.

Núverandi stjórn var kjörin á aðalfundi sem haldinn var þann [31. mars 2023].

Á aðalfundi Lánsjóðsins þann [31. mars 2023] var KPMG kosið sem endurskoðunarfélag sjóðsins til næstu 5 ára. Fyrir hönd KPMG mun Hrafnhildur Helgadóttir, löggildur endurskoðandi og félagi í Félagi löggilda endurskoðanda (FLE) endurskoða og árita ársreikninga, fyrst vegna ársins 2022 og kanna og árita árshlutareikninga Lánsjóðsins, fyrst 30. júní 2022.

2.2 Helstu fjárhagsupplýsingar um útgefandann

Eftirfarandi er yfirlit yfir lykilfjárhagsupplýsingar útgefanda úr ársreikningum fyrir fjárhagsárin 2022 og 2021 en einnig úr árshlutareikningum 30. júní 2023 (1H 2023) og 30. júní 2022 (1H 2022). Þeir ársreikningar og árshlutareikningar sem upplýsingarnar ná til hafa verið áritaðir án fyrirvara af KPMG ehf., og PricewaterhouseCoopers ehf. eftir atvikum, sem hafa starfað sem óháðir endurskoðandi útgefanda.

Tölur eru í milljónum króna:

Tafla 1 – Rekstrarreikningur

	2022	2021	1H 2023	1H 2022
Hreinar vaxtatekjur	1.251	686	804	611
Aðrar rekstrartekjur	279	102	245	69
Hrein þóknun og umboðstekjur				
Hreint virðisrýrnunartap á fjáreignum				
Hreinar tekjur af viðskiptum				
Hreinar rekstrartekjur	1.530	787	1.049	680
Hagnaður	1.260	536	916	554

Tafla 2 - Efnahagsreikningur

	2022	2021	1H 2023	1H 2022
Heildareignir	180.777	168.087	193.240	180.777
Verðbréfaútgáfa	158.290	146.577	169.890	158.290
Víkjandi skuldir				
Langtímalán til sveitarfélaga	170.087	159.876	183.278	170.087
Innistæður frá viðskiptavinum				
Eigið fé alls	20.858	19.598	21.774	20.858

2.3 Helstu áhættupættir sem eru sértækir fyrir útgefandann

Útlánaáhætta er bundin við íslensk sveitarfélög og ríkissjóð. Lánaþjóðurinn lánar eingöngu sveitarfélögum sem og fyrirtækjum og stofnunum sem eru alfarið í eigu sveitarfélaga eða sveitarfélaga og ríkissjóðs. Í 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 er sveitarfélögum heimilað að veita Lánaþjóðnum veð í tekjum sínum sem tryggingu fyrir lánum sem þau taka hjá sjóðnum og ábyrgðum sem það veitir. Við síðustu reikningsskil voru öll langtímalán útgefanda með veði í tekjum sveitarfélaga.

Mótaðila- og gengisáhætta er takmörkuð við ríkissjóð og innlendar fjármálastofnanir sem hafa starfsleyfi frá Fjármálaeftirlitinu en Lánaþjóðurinn ávaxtar lausafé sitt í fjármálagerningum gefnum út af fyrrgreindum aðilum.

Vaxtaáhætta: stefna útgefanda að halda jafnvægi á milli eftirstöðvatíma vaxtaberandi eigna og skulda og einnig fastra og breytilegra vaxta. Útlán eru því að öllu jöfnu á sömu grunnkjörum og fjármögnun þeirra.

Verðbólguáhættu er haldið í lágmarki með ofangreindri stefnu þar sem jákvæðum verðbólgujöfnuði er haldið á milli verðtryggðra eigna og verðtryggðra skulda.

Gjaldeyrisáhætta: stefna Lánaþjóðsins er að gjaldeyrisjöfnuður sjóðsins taki mið af, og skal að svo miklu leyti sem unnt er, innan gjaldeyrisreglna Seðlabanka Íslands, vera í réttu hlutfalli við hlutfall erlendra eigna af efnahag.

Lausafjár- og fjármögnunaráhætta er hættan á að Lánaþjóðurinn geti ekki staðið við skuldbindingar sínar þegar þær gjaldfalla. Lánaþjóðurinn hefur sett sér reglur varðandi lausafjárvöldu og fjármögnun og er þeim ætlað að tryggja og viðhalda sveigjanleika.

Rekstraráhætta: stefna Lánasjóðsins að hafa skriflega og skýra verkferla varðandi alla helstu starfsþætti í rekstrinum og vinna með stöðluð form lánnssamninga. Þá hefur stefna Lánasjóðsins verið að útvista skrifstofu- og bókhaldspjónustu og dreifa verkþáttum þannig á fleiri hendur til að draga úr áhættu.

Starfsmannaáhætta Lánasjóðurinn er í dag með þrjá fasta starfsmenn, framkvæmdastjóra, lánastjóra og starfsmann áhættu- og fjárstyringar. Jafnframt hefur Lánasjóðurinn gert þjónustusamning við Samband íslenskra sveitarfélaga („sambandið“) um kaup á ýmis konar þjónustu af sambandinu. Fyrirhugað er að framhald verði á rekstrarsamvinnu Lánasjóðsins og sambandsins.

Lagaleg áhætta Lánasjóðurinn starfar eftir lögum nr. 150/2006 um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga, lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og lögum nr. 2/1995 um hlutafélög. Lánasjóðurinn getur ekki borið ábyrgð á lagabreytingum, niðurstöðu dómstóla eða ákvörðunum stjórnvalda. Lagaleg áhætta felst meðal annars í því að lögum um Lánasjóðinn yrði breytt og heimild um að veita mætti sjóðnum veð í tekjum sveitarfélaga yrði afturkólluð.

3 LYKILUPPLÝSINGAR UM VERÐBRÉFIN

3.1 Helstu eiginleikar verðbréfanna

Auðkenni skuldabréfanna er LSS040440 GB og er ISIN-númer þeirra IS0000031664. Um er að ræða verðtryggð jafngreiðsluskuldabréf bundin vísitölu neysluverðs til verðtryggingar á Íslandi, birt af Hagstofu Íslands.

Gefin eru nú út skuldabréf að nafnverði 755.000.000 en áður hafa verið gefin út og tekin til viðskipta skuldabréf að fjárhæð 6.610.000.000 kr. í sama flokki. Heildarheimild til útgáfu skuldabréfa í þessum flokki er 25.000.000.000. Skuldabréfin eru gefin út í 1. kr. nafnverðseiningum og eru gefin út í íslenskum krónum.

Höfuðstóll verður endurgreiddur með 41 jöfnum greiðslum á 6 mánaða fresti og allt fram til lokagjalddaga. Gjalddagar afborgana og vaxta eru 4. apríl og 4. október hvert ár. Af höfuðstóll skuldarinnar greiðast 1,50% fastir ársvextir. Útgefanda er óheimilt einhliða að umframgreiða skuldabréfin á líftíma skuldabréfanna.

Höfuðstóll er bundinn vísitölu neysluverðs og miðast við grunnvísitölugildið 471,43333 þann 17. febrúar 2020.

Skuldabréfin eru gefin út rafrænt hjá Nasdaq verðbréfamíðstöð hf., kt. 510119-0370, Laugavegi 182, 105 Reykjavík, Íslandi (einnig „verðbréfamíðstöð“).

Engin víkjandi ákvæði fylgia skuldabréfunum. Engin sérstök réttindi, hlunnindi né forkaupsréttarákvæði fylgia kaupum á skuldabréfunum. Engar hömlur eru á endursölu skuldabréfanna.

Allar kröfur á hendur útgefanda til endurgreiðslu skuldabréfanna eru jafnréttáar og njóta ekki forgangs umfram aðrar kröfur á hendur útgefanda.

Skuldabréfin eru gefin út sem „græn skuldabréf“ í þeim tilgangi að fjármagna verkefni sveitarfélaga sem hafa jákvæð áhrif á umhverfið og sporna gegn loftslagsbreytingum enda falla verkefnin undir Græna umgiðr Þá Lánasjóðs sveitarfélaga um græn skuldabréf. Umgjörðin er aðgengileg fjárfestum á heimsíðu Lánasjóðs sveitarfélaga, <https://www.lanasjodur.is/grae>.

3.2 Hvar munu viðskipti með verðbréfin fara fram?

Óskað verður eftir að skuldabréfin verði tekin til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland sem er skipulegur verðbréfamarkaður í skilningi laga nr. 108/2007 um verðbréfaviðskipti. Ekki er gert ráð fyrir að sótt verði um töku skuldabréfanna til viðskipta á öðrum skipulegum verðbréfamörkuðum.

3.3 Eru verðbréfin með ábyrgð?

Lánasjóður sveitarfélaga ohf. skuldbindur sig til að endurgreiða höfuðstól lánsins með regluglegum afborgunum yfir lánstímann. Skuldbinding útgefanda er bein, óskilyrt og án frekari trygginga en felst í eignum sjóðsins á hverjum tíma.

3.4 Helstu áhættuþættir sem eru sértækir fyrir verðbréfin

Almenn áhætta tengd fjárfestingu í skuldabréfum: kaup á skuldabréfum eru í eðli sínu áhættufjárfesting og er fjárfestum ráðlagt að kynna sér efni grunnlysingarinnar og tilheyrandi viðauka af kostgæfni. Fjárfestum er enn fremur ráðlagt að kynna sér lagalega stöðu sína, þar á meðal skattaleg atriði sem kunna að eiga við um viðskipti þeirra með skuldabréf Lánasjóðsins. Fjárfestum er jafnframt bent á að leita sér nánari upplýsinga og ráðgjafar sérfræðinga ef þeir þarfnaðar eru útlistunar á áhættuþáttum. Áhættuþættir þessir eru háðir óvissu og því er útgefanda ekki mögulegt að segja til um líkur á því að þeir geti átt sér stað.

Útlánaáhætta er bundin við íslensk sveitarfélög og ríkissjóð. Lánasjóðurinn lánar eingöngu sveitarfélögum sem og fyrirtækjum og stofnunum sem eru alfarið í eigu sveitarfélaga eða sveitarfélaga og ríkissjóðs. Í 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 er sveitarfélögum heimilað að veita Lánasjóðnum veð í tekjum sínum sem tryggingu fyrir lánum sem þau taka hjá sjóðnum og ábyrgðum sem það veitir. Við síðustu reikningsskil voru öll langtímalán útgefanda með veði í tekjum sveitarfélaga.

Mótaðila- og gengisáhætta er takmörkuð við ríkissjóð og innlendar fjármálastofnanir sem hafa starfsleyfi frá Fjármálaeftirlitinu en Lánasjóðurinn ávaxtar lausafé sitt í fjármálagerningum gefnum út af fyrrgreindum aðilum.

Vaxtaáhætta: stefna útgefanda að halda jafnvægi á milli eftirstöðvatíma vaxtaberandi eigna og skulda og einnig fastra og breytilegra vaxta. Útlán eru því að öllu jöfnu á sömu grunnkjörum og fjármögnun þeirra.

Verðbólguhættu er haldið í lágmarki með ofangreindri stefnu þar sem jákvæðum verðbólgujöfnuði er haldið á milli verðtryggðra eigna og verðtryggðra skulda.

Gjaldeyrisáhætta: stefna Lánsjóðsins er að gjaldeyrisjöfnuður sjóðsins taki mið af, og skal að svo miklu leyti sem unnt er, innan gjaldeyrisreglna Seðlabanka Íslands, vera í réttu hlutfalli við hlutfall erlendra eigna af efnahag.

Lausafjár- og fjármögnunaráhætta er hættan á að Lánsjóðurinn geti ekki staðið við skuldbindingar sínar þegar þær gjaldfalla. Lánsjóðurinn hefur sett sér reglur varðandi lausafjártöðu og fjármögnun og er þeim ætlað að tryggja og viðhalda sveigjanleika.

Rekstraráhætta: stefna Lánsjóðsins að hafa skriflega og skýra verkferla varðandi alla helstu starfspætti í rekstrinum og vinna með stöðluð form lánnsamninga. Þá hefur stefna Lánsjóðsins verið að útvista skrifstofu- og bókhaldspjónustu og dreifa verkþáttum þannig á fleiri hendur til að draga úr áhættu.

Starfsmannaáhætta Lánsjóðurinn er í dag með þrjá fasta starfsmenn, framkvæmdastjóra, lánastjóra og starfsmann áhættu- og fjárstýringar. Jafnframt hefur Lánsjóðurinn gert þjónustusamning við Samband Íslenskra sveitarfélaga („sambandið“) um kaup á ýmis konar þjónustu af sambandinu. Fyrirhugað er að framhald verði á rekstrarsamvinnu Lánsjóðsins og sambandsins.

Lagaleg áhætta Lánsjóðurinn starfar eftir lögum nr. 150/2006 um stofnun opinbers hlutafélags um Lánsjóð sveitarfélaga, lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og lögum nr. 2/1995 um hlutafélög. Lánsjóðurinn getur ekki borið ábyrgð á lagabreytingum, niðurstöðu dómsstóla eða ákvörðunum stjórnvalda. Lagaleg áhætta felst meðal annars í því að lögum um Lánsjóðinn yrði breytt og heimild um að veita mætti sjóðnum veð í tekjum sveitarfélaga yrði afturkölluð.

Sértæk áhætta í tengslum við útgáfu á grænum skuldabréfum: græn skuldabréf eru bau skuldabréf sem eru gefin út í samræmi við Græna umgjörð Lánsjóðs sveitarfélaga (e. Green Bond Framework), eins og hún er á hverjum tíma. Græna umgjörðin er unnin í samræmi við alþjóðleg viðmið (e. The Green Bond Principles (GBP) 2018) Alþjóðasamtaka aðila á verðbréfamarkaði (e. International Capital Market Association eða „ICMA“), en við dagsetningu þessarar grunnlysingar er engin fastmótud lagaumgjörð í gildi í tengslum við útgáfur á grænum skuldabréfum. Græna umgjörðin getur tekið breytingum, en breytingar sem kunna að verða á umgjörðinni hafa ekki áhrif á áður útgefin skuldabréf, heldur eiga eingöngu við um skuldabréf sem gefin eru út eftir slíkar breytingar. Breytingar á grænu umgjörðinni veita skuldabréfaeigendum ekki gjaldfellingarheimild eða önnur réttindi, jafnvel þótt viðkomandi skuldabréf flokkist ekki sem græn eftir breytingar á umgjörðinni. Nánari umfjöllun um Græna umgjörð lánsjóðsins má finna í kaflanum „Skjöl til sýnis“. Fjárfestar eru hvattir til að kynna sér vel Græna umgjörð Lánsjóðsins og skilmála grænna skuldabréfa útgefin af Lánsjóðnum áður en ákvörðun er tekin um að fjárfesta í slíkum skuldabréfum.

4 LYKILUPPLÝSINGAR UM TÖKU TIL VIÐSKIPTA Á SKIPULEGUM MARKAÐI

4.1 Samkvæmt hvaða skilyrðum og tímaáætlun get ég fjárfest í þessu verðbréfi?

Á ekki við.

4.2 Hver er tilboðsgjafinn og/eða aðilinn sem óskar eftir töku til viðskipta

Sá aðili sem óskar eftir töku verðbréfanna til viðskipta er útgefandinn, Lánsjóður sveitarfélaga ohf.

4.3 Hvers vegna er þessi lýsing gerð?

Ástæða fyrir töku til viðskipta: Verið er að stækka skuldabréfaflokkinn LSS040440 GB með útgáfu nýrra skuldabréfa í flokinum og óskað verður eftir því að hin nýju bréf verði tekin til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland. Nettófjárhæð útboðsins verður notuð til lánveitinga til íslenskra sveitarfélaga. Áætluð nettófjárhæð útgáfunnar er [662.894.170]. Að undanskildum kostnaði greiddum til viðskiptavaka Lánsjóðsins er útgefanda ekki kunnugt um neina hagsmuni sem skipta máli í tengslum við útgáfu og sölu skuldabréfanna.